

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fjárhag og áhættustýringu Íbúðalánasjóðs,
nr. 544/2004.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætast orðin: í samræmi við viðauka I.

2. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi viðauki:

VIÐAUKI I

Viðurkennd viðskipti og mótaðilar vegna áhættustýringar.

Íbúðalánasjóður skal beita hefðbundnum áhættustýringaraðferðum til að tryggja vandaða áhættu- og fjárstýringu og jafnvægi í inn- og útgreiðslum sjóðsins sem nánar eru útfærðar í áhættustýringarstefnu. Í því skyni er Íbúðalánasjóði heimilt að ávaxta handbært fé á bankareikningum, með viðskiptum með verðbréf eða með öðrum viðurkenndum fjárfestingaleiðum til skemmri eða lengri tíma.

Til annarra viðurkenndra fjárfestingarleiða skv. 1. mgr. teljast meðal annars kaup á fjármálagerningum eða skuldarviðurkenningum útgefnum af mótaðilum skv. A–E-flokki hér á eftir eða hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í verðbréfum útgefnum af þeim. Einnig samningar um kaup á fasteignaveðbréfum skv. F-flokki eða vaxtaberandi eignum sem byggja á greiðsluflæði frá slíkum bréfum.

Flokkar mótaðila og eigna eru:

- Ríkissjóður Íslands eða ríkisstofnanir.
- Lánastofnanir með fjárfestingarlánshæfismat sem er að minnsta kosti BBB frá Moody's eða sambærilegt frá öðrum matsfyrirtækjum.
- Fyrirtæki í OECD-rikjum með langtímalánshæfismat sem er að minnsta kosti A1 frá Moody's eða sambærilegt frá öðrum matsfyrirtækjum.
- Innlend fjármálafyrirtæki, önnur en þau sem getið er í B-lið.
- Sveitarfélög.
- Skuldabréf tryggð með veði í íbúðarhúsnæði, útgefin af einstaklingum, fyrirtækjum eða fjármálafyrirtækjum. Skuldabréfin skulu almennt vera innan 80% af söluandvirði viðkomandi eignar, en þó aldrei umfram 90%.

Stjórn Íbúðalánasjóðs setur vikið fjárfestingar fyrir hvern flokk í áhættustýringarstefnu sjóðsins í ljósi mats á mótaðilaáættu. Mörkin skulu vera tvíþætt og taka annars vegar til áhættustýringar sjóðsins og þarfar hans á að gæta jafnvægis í líftíma eigna og skulda og greiðsluflæðis og hins vegar taka til skammtímafjárstýringar sjóðsins.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. mgr. 11. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Íbúðalánasjóðs og Fjármálaeftirlitsins, tekur þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. september 2005.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.